



Nefndarsvið Alþingis
B.t. Ágústar Geirs Ágústssonar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVVÍK

ÓM/AA

Rvk. 25.11.2002

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna - 133. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133 mál.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgun spilliefna sem falla til í landinu ásamt öðrum iðnaðarúrgangi.

Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að endurnýting úrgangs og förgun/eyðing spilliefna í ofni Sementsverksmiðjunnar hf. sé raunhæfur og hagkvæmur kostur miðað við þá meðferð sem slíkur úrgangur fær í dag. Ennfremur er lögð á það áhersla að haft sé samráð við stjórnvöld og starfandi atvinnurekstur á svæðinu áður en ráðist er í slíka framkvæmd.

Greinargerð

Það er alkunna að sementsverksmiðjur í nágrennalöndum okkar hafa löngum verið nýttar til að endurnýta úrgang, þ.e. til að brenna úrgang í þeim tilgangi að nýta orkuna sem við það losnar. Ennfremur hafa slíkar verksmiðjur verið nýttar til að farga eða eyða úrgangi. Þannig hefur Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi endurnýtt nær alla úrgangsolíu sem til hefur fallið á landinu um langt árabíl.

Á landinu eru starfandi nokkrar brennslustöðvar sem aðallega brenna húsasorpi og nýta að miklu leyti þá orku sem við brennsluna vinnst. Þörf er á brennslustöðvum sem brennt geta sérhæfum úrgangi svo sem hjólbörðum, plasti, olíu og leysiefnum og um leið nýtt þá orku sem við það losnar. Sementsverksmiðjan hf. er tæknilega kjörin til slíkra verkefna og vel í sveit sett á höfuðborgarsvæðinu þar sem stærsti hluti úrgangsins fellur til.

Brennsluofn Sementsverksmiðjunnar hf. er einnig kjörin til að farga eða eyða ýmsum spilliefnum sem ella verður að flytja úr landi til eyðingar með ærnum tilkostnaði. Við það hitastig sem efnið nær í brennsluofninum, um 1450°C, eyðast nær öll lífræn efnasambönd og leysast upp í frumþætti sína. Þannig er tæknilega auðvelt að eyða ýmsum spilliefnum sem hingað til hafa verið flutt úr landi til eyðingar. Má þar nefna framkallara, fixer, leysiefni, klóreruð kolvatnsefni, olíumálningarleifar, prentlítaúrgang o. fl.



Ef ætlunin er að færa út starfsemi Sementsverksmiðjunnar hf. með þessum hætti, þá leggja Samtök atvinnulífsins á það áherslu, að sú framkvæmd fari fram í fullu samráði og sátt við stjórnvöld á staðnum og atvinnustarfseminu á svæðinu. Starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar skal taka mið af nýrri og aukinni starfsemi, og vegna návistar Sementsverksmiðjunnar hf. við löndun og vinnslu sjávarfangs skal leita álits Fiskistofu og helstu söluaðila sjávarfangs áður en í framkvæmd er ráðist.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Maríusson